

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Elín Ásgeirsdóttir
Sævarhöfða 6 - 10
112 Reykjavík

Reykjavík, 3.10.2023
UST202302-213/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Höfða hf. í Álhelli 34 í Hafnarfirði þann 30. ágúst 2023 og frestur til úrbóta á fráviki.

Þann 30. ágúst sl. fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Höfða í Álhelli 34 í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Bent var á að á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olúskilja og tæma sandföng og olúskiljur eftir þörfum. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði.

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað en eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirlitinu. Frávikið snýr að því að rekstraraðili hefur ekki látið mæla PAH efni í útblæstri verksmiðjunnar.

Rekstraraðili hefur sent inn úrbótaáætlun og verða PAH efni mæld í árlegum mælingum næsta árs.

Rekstraraðili skal skila útblástursmælingum fyrir verksmiðjuna fyrir 1. september 2024 og skal mæling PAH-efna vera með í mælinganiðurstöðunum ársins 2024.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius
lögfræðingur